



Fólk á fjöllum



Fjölbreytt Ferðaáætlun Ferðafélags Íslands fyrir 2008 er komin út:

Háir tindar og heillandi strandir

Fjölmargar nýjungar eru í ferðaáætlun Ferðafélags Íslands 2008 sem nú er komin út. Auk sígildra dags- og sumarferða, sem alltaf njóta vinsælda, eru í boði ýmsar ferðir þar sem klifið verður á hæstu tindum af þeirri þekkingu sem nauðsynleg er í slíkum ferðum. Má þar meðal annars nefna göngu á Hróttfjallstinda við Skaftafell um miðjan maí og á hið svipmikla Skessuhorn í Borgarfirði verður gengið í júníbyrjun.

„Við finnum fyrir miklum og vaxandi áhuga fólk á ýmsum erfiðari ferðum, sem bæði krefjast úthalds og þekkingar,“ segir Haraldur Örn Ólafsson í ferðanefnd sem skipuleggur áætlun ársins. Sá hópur sem stundar útivist af einhverjum toga breiðkar og fer sístækkandi og segir Haraldur ferðaáætlunina taka mið af því. „Við erum bæði með sérstakar unglingsferðir og bjóðum líka upp á ferðir þar sem kynslóðirnar sameinast í svokölluðum ömmu- og afaferðum,“ segir Haraldur Örn sem fer fyrir hinni árlegu göngu Ferðafélagsins á Hvannadalshnjúk, hæsta fall landsins, um hvítasunnuhelgina. Um hundrað manns komast í þá ferð sem miðað er við að þátttakendur séu göngufólk í góðu formi.

Síldin og stríðið

Helgar- og sumarleyfisferðirnar í áætlun þessa árs eru fjölmargar. Meðal nýjunga má nefna þriggja daga ferð um matarkistuna við Breiðafjörð, þar sem höfð verður viðkoma á bæjum á Skarðströnd og í Reykhólasveit þar sem heimafólk nýtir enn hlunnindi og lifir af því sem landið gefur.



„Lagt æ meira upp úr þjónustu í ferðunum,“ segir Haraldur Örn Ólafsson.

Í júlí er á dagskránni ferð um slóðir stríðsminja, hvalveiðistöðva og síldarævintýra í Sléttuhreppi á Hornströndum þar sem Sigríður Lóa Jónsdóttir er fararstjóri. Raunar eru Hornstrandir nú sem endranær áberandi í ferðaáætluninni, enda er náttúran á nyrstu ströndum fæstu lík og heillandi eftir því. Auk hálandisferða, má svo meðal annars nefna fjögurra daga ferð Páls Guðmundssonar um verzlunarmannahelgina um Héðinsfjörð, Hvannadali og aðrar eyðibygðir yst á Tröllaskaga. Um miðjan september bjóða þeir Valgarður Egilsson og Páll Ásgeir Ásgeirsson upp á draugaferð í Hvítárnes, en margir þykjast hafa skynjað reimleika í skálanum þar.

Fossaslóðir og Þjórsárver

„Við höfum lagt æ meira upp úr þjónustu í ferðunum, til dæmis fæði og að farangur sé trússaður milli áfangastaða. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir,“ segir Haraldur Örn sem bætir við að mismunandi sé milli ára hvaða slóðir landsins njóti mestu vinsælda. Þannig eigi fjölmiðlaumræða síðustu ára án nokkurs vafa þátt í því hve margir hafa farið með Ferðafélaginu um Fossaslóðir á Gnúpverjafréttir og í dagsferðir að Langasjó og í Þjórsárver. Þá eru fjölmargar aðrar dagsferðir ónefndar sem bæði hafa unnið sér fastan sess eða eru nýjar á dagskránni.

Vörður í Laugum í vetur

Ferðafélagið hefur ráðið Kerstin Langenberger skálavörð í Landmannalaugum, frá 1. febrúar og út apríl. Kerstin, sem hefur verið skálavörður hjá FÍ sl. þrjú sumur, hefur stundað nám í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og stefnir á nám í ferðamálafræðum við Hólaskóla. Með tilkomu skálavardar í Landmannalaugum yfir vetrartímann búa ferðamenn við mun betri þjónustu á svæðinu, skálinn verður ávallt opinn og heitur, heitt og kalt rennandi vatn á svæðinu, vatnsalerni og sturtur auk þess sem Kerstin býður upp á heitt kakó eða kaffi eftir aðstæðum.

Laugaskáli til leigu

Nýja skálavörðahús FÍ í Landmannalaugum er nú til leigu til ferðamanna yfir vetrartímann. Húsið er 104 fm að stærð, með sex herbergjum, stofu, eldhúsi, góðri forstofu og salernisaðstöðu. Húsið er leigt í heild sinni á 70 þús. kr. yfir helgi til félagsmanna en 100 þús. kr. til annara.

Verslun á vefsetri

Ferðafélagið mun á næstunni opna vefverslun á vefsetri sínu, www.fi.is. Í vefversluninni verður hægt að bóka og greiða í ferðir og skála FÍ sem og kaupa árbækur, fræðslurit og kort sem fást hjá félaginu. Afgreiðslufrestur er að jafnaði þrjú dagar.

Ferðafulltrúi til starfa

Erna Bergþóra Einarasdóttir hefur verið ráðinn ferðafulltrúi hjá Ferðafélagi Íslands. Erna er 25 ára með próf í ferðamálafræði og hefur starfað á skrifstofu FÍ sl. þrjú sumur jafnframt því sem hún hefur verið skálavörður hjá félaginu. Erna mun hafa umsjón með ferðaáætlun FÍ, skipulagningu sérferða og halda utan um bókanir og greiðslur í ferðir. Auk þess mun hún annast vefsetur félagsins og sinna ýmsum öðrum störfum á skrifstofu.



Sjálfbóðaliðar óskast

Ferðafélag Íslands kallar eftir sjálfbóðaliðum í vinnuferðir í skála félagsins. Í vinnuferðum er tekið til hendinni; málað, mokað, smíðað og lagfært eftir þörfum. Í ferðum þessum sér félagið um uppihald og ferðir gegn vinnuframlagi. Næstu vinnuferðir eru í apríl og maí en þá verður farið nokkrar helgar í Skagfjörðsskála í Þórsmörk og hann tekinn í gegn að innan, það er slípað, þúskað og lakkað, sem og skipt um dýnur og innréttingar. Áhugasamir hafi samband við Ingunni á skrifstofu FÍ. Netfang hennar er ingunn@fi.is.

Félagsmönnum FÍ fjölgað mikið:

Byggja aðstöðu og miðla þekkingu

Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi Ferðafélags Íslands á síðustu misserum og félagsmönnum hefur fjölgað um tvö þúsund á síðustu tveimur árum. Er, að sögn Páls Guðmundssonar framkvæmdastjóra félagsins, stefnt að því að félagsmenn verði orðnir 10 þúsund innan tveggja ára. Hinir nýju félagsmenn eru á öllum aldri, frá fimmtán ára til sjötugs, en áherslan er ekki síst sú að ná til yngra fólks og vekja áhuga þess á hollri útiveru og þeim góða félagskap sem fjallaferðum fylgir.



„Eigum fjölda velunnara,“ segir Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri FÍ.

Starfsemi FÍ er fjölbreytt en kjörsviðin eru skipulagðar ferðir, rekstur skála í óbyggðum og útgáfa. „Ferðafélagið er áhugamannafélag og því skiptir áhuga- og sjálfbóðastarf okkur miklu máli,“ segir Páll sem nefnir til marks um fjölbreytnina í starfinu að á vegum félagsins séu sautján nefndir sem hver hafi sínu hlutverki að genga. Virkastar séu bygginga-, ferða- og ritnefnd. Þá séu sömuleiðis mikið starf unnið innan útgáfu-, útbreiðslu- og Þórsmörknefnda.

Rekstur FÍ hefur gengið vel undanfarin ár. Páll Guðmundsson segir reksturinn þó jafnan krefjast mikils aðhalds. „Félagið á fjölda góða velunnara og fjölmargir eru tilbúnir að leggja starfsemi þess lið. Slíkt er raunar í samræmi við þá staðreynd að ferðalög um landið verða sífellt vinsælli og á það jafnt við um gönguferðir sem og aðra ferðamennsku. Í því sambandi skipti starf FÍ miklu máli bæði hvað varðar uppbyggingu á aðstöðu og þjónustu í óbyggðum sem og að miðla og fræða af þeirri þekkingu og reynslu sem margir félagsmenn okkar hafa,“ segir Páll.

Framkvæmdir framundan hjá FÍ.

Endurbætur og borað eftir vatni

Næsta sumar verður hafist handa við gagnagerar endurbætur á skála Ferðafélags Íslands í Hvítárnesi. Húsið sem var byggt árið 1930 þykir um margt einstakt í sinni röð, aukinheldur sem það er í hugum landsmanna stór hluti af ímynd FÍ. Gert var við húsið fyrir allmörgum árum en nú er komið að framkvæmdum aftur.

„Við erum jafnan með mörg verkefni í vinnslu, enda eru skálar Ferðafélagsins alls fjórtán talsins og því í mörg horn að líta,“ segir Magnús Hákonarson formaður skálanefndar. Að framkvæmdunum í Hvítárnesi frátöldum segir Magnús að einn stærsti póstur þessa árs sé borun eftir heitu vatni við Álftavatn, þar sem FÍ á tvo gistiskála. Athuganir jarðfræðinga benda til að við Álftavatn sé heitt vatn að finna, sem nýfast myndi meðal annars við upphitun skálanna. Slíkt bæti aðstöðuna til

muna, en Álftavatn er við Laugavegin og þar hefur mikill fjöldi ferðamanna viðdvöl á sumri hverju.

Af öðrum verkefnum framundan segir Magnús að ætlunin sé að bæta salernisaðstöðu í Emstruskála aukinheldur sem til standi að gera endurbætur á svonefndum Baldvinskála á Fimmvörðuhálsi sem FÍ keypti á síðasta ári til að mæta sem best þörfum þess mikla fjölda ferðamanna sem gengur frá Skógum undir Eyjafjöllum yfir í Bása á sumri hverju. Þá eru í Landmannalaugum – þar sem nýlega var reist sérstakt skálavörðahús – ýmsar framkvæmdir í bígerð en sívaxandi fjöldi ferðamanna sækir í Laugar á öllum tímum árs.



Tekið til hendi. Skagakonurnar, Jóhanna Heiður Gestsdóttir og Guðrún Sveinbjörnsdóttir, sem báðar eru úr Norðurfirði rósklega til hendi við endurbætur í skála FÍ þar.

Lesið í landið og söguna

Væntanleg er á vordögum árbók Ferðafélags Íslands 2008 þar sem Hjörleifur Guttormsson fjallar um Úthérað og Borgarfjörð eystra, þ.e. svæðið með ströndinni frá Loðmundarfirði yfir í Jökulsárhlið og Fljótsdalshérað inn til Egilsstaða. Þetta er sjötta árbók Hjörleifs um Austurland, en allar hafa þær fengið sérlega góða dóma.

Augu útivistarfólks hafa á undanföllum árum í vaxandi mæli beinst að Loðmundarfirði, Borgarfirði og nærliggjandi slóðum. „Þetta svæði er gimsteinninn með tilliti til jarðfræði og náttúruferðar. Dyrfjöll og Beinageit eru fjöll sem flestir þekkja og Víkur austan Borgarfjarðar njóta vaxandi vinsælda sem göngusvæði. Þarna hafa Borgfirðingar á undanföllum árum merkt gönguleiðir og verið reistir ferðamanskálar í Breiðuvík og Húsavík eystra,“ segir Hjörleifur. Hann bætir því við að Úthérað frá Vatnsskarði og yfir í Jökulsárhlið og Smjörfjöll sé ekki síður áhugavert.

Náttúran leynir á sér

„Á Úthéraði er vitt til veggja og náttúran leynir á sér. Byggðarlög eins og Eiða- og Hjaltastaðapinghá og Hróarstunga teygja sig frá norðri til suðurs; kjarrvaxnir ásar eru áberandi og (ATH blár á milli) og í landmótun gættir áhrifa frá gömlu Þingmúlaeldstöðinni,“ segir Hjörleifur. Hér sé svalara en á Upphéraði og vetrarríki geti orðið býsna mikið á þessum slóðum. Snjóþyngslin hlífi hins vegar gróðri sem um margt sé sérstæður.

„Úthérað hefur verið vanmetið af ferðafólki, jafnt Austfirðingum sem öðrum. Leið flestra hefur legið um hringveginn og inn til landsins og fólk fer oft hratt yfir. Það segir sitt um náttúrufergund svæðisins að við Selfjót átti Jóhannes Kjarrval afdrep og málaði meðal annars myndir af Dyrfjöllum sem voru fjöll bernsku

hans á Borgarfirði eystra. Og á Hallferðarstöðum í Tungu bjó Páll Ólafsson, skáldið góða sem orti Sumarkveðju og um Hrísluna og lækinn, ljóð sem alþjóð dái. Á utanverðu Héraði er líka mikið af fornminjum sem minnst er á í bókinni og í Útmanasveit fékk Jón lærði loks frið til ritstarfa á 17. öld,“ segir Hjörleifur.

Gimsteinar og gróðursæld. Úthérað og Borgarfjörður eru heillandi svæði, segir Hjörleifur Guttormsson.



Árbækur Hjörleifs

- 1974 Austfjarðafjöll
- 1987 Norð-Austurland – hálendi og eyðibygðir
- 1993 Við rætur Vatnajökuls. Byggðir, fjöll og skriðjökklar. (Frá Lómagnúp að Lónsheiði)
- 2002 Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar
- 2005 Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar

Landlýsingar og ljósmyndir

Allar þær árbækur FÍ sem Hjörleifur Guttormsson hefur skræð bera með sér að meðgöngutíminn er langur. „Það hefur alla tíð fylgt mér að lesa í landið og söguna,“ segir Hjörleifur sem hóf störf sem kennari í Neskaupstað árið 1964, þá að loknu háskólanámi.

„Ég fór snemma að stunda rannsóknir meðal annars á gróðurfari og í því skyni gekk ég í nokkur sumur um Austfjarðafjallgarð frá Hornafirði norður í Borgarfjörð og safnaði ýmsu til



Bakkagerðiskirkja með Dyrfjöll í baksýn.

náttúrugripsafns í Neskaupstað sem þá var verið að setja á laggirnar. Efni úr ferðum þessara ára, einnig síðar um hálendið umhverfis Vatnajökul, hefur komið mér að notum við landlýsingar. Ég styðst auðvitað við frásagnir heimamanna á hverjum stað og eins sögur þeirra sem yfirgáfu heimahagana og reru á ný mið. Sögur þeirra sem settust að í Vesturheimi eru til dæmis um margt einstakar,“ segir Hjörleifur sem leggur til meginþorra myndanna í væntanlegri árbók. Flestar eru frá næstliðnum árum en þær elstu frá hans hendi frá árinu 1965 auk nokkurra gamalla úr annarra smiðju.

Einstakar árbækur

Árbók FÍ kom fyrst út árið 1928 og sú sem nú er væntanleg er hin 81. í röðinni. Bókin kemur út í nærri 10 þúsund eintökum sem er með því mesta sem gerist á íslenskum bókamarkaði.

„Í mínum huga hafa árbækurnar um margt einstaka stöðu. Vandað er til verka af hálfu félagsins og höfundar fá góða aðstoð frá ritnefnd þess. Mikið er líka lagt í uppdrætti sem Guðmundur Ó. Ingvarsson landfræðingur sér um,“ segir Hjörleifur sem vinnur nú að lokagerð bókanna.

Menningarsjóður Valitor styrkir uppsetningu skilta við Laugavegin:

Landið í þrívídd

Síðasta sumar vígði FÍ ný skilti við skála félagsins á Laugaveginum. Á þeim eru nákvæmar leiðarlýsingar á þremur tungumálum, auk upplýsinga um öryggisþætti, búnað og fleiri atriði sem ferðamenn varðar um á þessari vinsælu gönguleið. Í grunninn eru málaðar þrívíddarmyndir af landinu og svo eru færðar inn upplýsingar um örnefni, skála og fleira gagnlegt.



Höskuldur H. Ólafsson forstjóri Valitor, áður VISA, og Ólafur Örn Haraldsson við víglu skiltanna góðu sl. sumar.

Skiltin, sem eru alls 10 talsins, sýna leiðina um Laugavegin frá Landmannalaugum í Þórs-mörk og hafa verið sett upp við skálana við Hrafninnusker, Landmannalaugar, Álftavatn,

á Emstrum og í Þórsörk. „Uppsetning þessara vönduðu skilta er þáttur í þeirri stefnu félagsins að bæta ferðamenningu landans, auka upplýsingaþjónustu við ferðamenn og bæta öryggi,“ segir Ólafur Örn Haraldsson forseti FÍ sem kveðst þakklátur Menningarsjóði Valitors fyrir veglegan styrk til hönnunar og gerð skiltanna. Ef styrkurinn hefði ekki komið til, hefði verið ógerlegt að vanda svo vel til verka.

Laugavegurinn nýtur fádæma vinsælda sem gönguleið en hana fara á milli 6.000 og 8.000 manns á hverju sumri. Ferðafélagið hefur byggt upp aðstöðu fyrir ferðamenn á leiðinni; skála, tjaldstæði og snyrtiaðstöðu. Laugavegurinn er rösklega 50 km langur og tekur hefðbundin gönguferð um leiðina fjóra daga.

Tímamótasamþykkt FÍ:

Opnað fyrir unga fólkið

Tímamót urðu þegar stjórn Ferðafélags Íslands samþykkti í tilefni af 80 ára afmæli félagsins að bjóða börnum og unglingum aðild á kostakjörum. Þetta er meðal annars gert í þeim tilgangi að hvetja ungt fólk til hollrar útivistar og ferðalaga eins og vaxandi áhugi er á. Á hátíðarfundum í tilefni afmælisins gengu svo 40 nemendur úr Smáraskóla í Kópavogi í Ferðafélagið, en í skólanum er útivist og hreyfing fastur þáttur í starfinu.

Sú samþykkt að opna fyrir aðild unglinga að FÍ átti sér aðdraganda enda hefur málið verið í umfjöllun á vettvangi félagsins um nokkurt skeið. Nú er hugmyndin hins vegar orðin að veruleika í samstarfi við Smáraskóla. „Við erum enn að móta samstarfið, en meðal annars munu nemendur okkar halda myndakvöld hjá Ferðafélaginu og segja frá hálendisferðum síðustu ára. Eins munu fulltrúar FÍ halda námskeið fyrir okkur um útbúnað og ýmis öryggismál í hálendisferðum og notkun staðsetningartækja og talstöðva sem þeir hafa gefið skólanum,“ segir Sigurlín Sveinbjarnadóttir skólustjóri.



Hópurinn úr Smáraskóla á 80 ára afmælisfundum FÍ.

Ferðalög nemenda í Smáraskóla fylgja fastmótaðri dagskrá. Í ágúst og september fóru allar unglingadeildir í sínar árlegu ferðir: gengu Laugavegin og hjóluðu Fjallabaksleið. Þá fóru nemendur 2. til 4. bekkjar í réttarferðir og 6. bekkjar hjóluðu út í Gróttu og gistu þar. „Á vordögum fara síðan allir nemendur í hóla- og fjallaferðir og ganga á þeim mun hærrí hóla og fjöll eftir því sem þeir stækka sjálfir,“ segir Sigurlín sem hefur kynnt ferðaverkefni Smáraskóla nokkuð. Hún segir áhuga annara skólustjórna fara vaxandi og sé það vel.



Unglingaferð um Laugavegin í júlí:

Með nýju hugarfari

Ferðafélagið mun síðari hlutann í júlí bjóða upp á fimm daga göngu um Laugavegin svonefnda, sem sérstaklega er ætluð unglingum. Ferðin miðast við aldurshópurinn 13 til 18 ára og er hefðbundin að öðru leyti en því að boðið verður upp á ýmskonar afþreyingu, leiki og sprell við hæfi unglinga. Er þessi ferð í samræmi við þær áherslur sem stjórn FÍ hefur markað, það er að ná betur til unga fólksins en gert hefur verið hefur til þessa.

Einar Karl Þórhallsson verkfræðingur verður fararstjóri í Unglingaferðinni. „Þessi ferð gefur mér frábært tækifæri til að ganga Laugavegin með nýju hugarfari; leiðsögumaður þarf að undirbúa sig vel og þekkja sögu og ornefni svo ferðin verði skemmtileg. Það er því tilhlökkun að fara með unglingum sem sumir eru að fara í sína fyrstu ferð. Leiðin frá Landmannalaugum að Hrafninnuskeri er falleg og ef veður leyfir förum við einnig í Brennisteinsfjöll á leiðinni. Í Hrafninnuskeri er margt að skoða og þar verður vafalaust gengið um kvöldið í íshellinn eða aðra áhugaverða staði.“

Á leiðinni frá Hrafninnuskeri að Álftavatni segir Einar Karl að ef skyggni leyfi sé nánast skylda að ganga á Háskerðing. „Á Laugaveginum, sem er 54 kílómetra langur, eru margir fallegir staðir sem nauðsynlegt er að stoppa á. Þarna eru fjöll, jökulfljót, bergvatnsár, hverir og ótalmargt fleira. En þegar heim er komið úr svona ferðum er það jafnan félagskapurinn sem stendur uppúr. Reynslan og samverustundirnar sem binda ferðalanga vináttuböndum – skemmtilegar minningar sem ylja fólki jafnvel það sem eftir er,“ segir Einar Karl.

Blómlegt starf hjá Jeppadeild Ferðafélags Íslands:

Karlsvagninn á sínum stað

Rúmlega 70 manns á 22 jeppum tóku þátt í Þrettándaferð jeppadeildar Ferðafélags Íslands í Þórsörk fyrstu helgina í janúar. „Við vorum heppin með veður í þessari ferð. Miðað við árstíma og vatnagang var greiðfært inn eftir nema umhverfis Steins-holtsá og Hvanná. Allt gekk þó vel bæði á stærri og minni bílum. Árnar voru nokkuð vatns-miklar en þó ekki til vandræða, segir Gísli Ólafur Pétursson, sem fer fyrir jeppadeild FÍ.

Þátttakendur í Þórsmerkurferðinni voru á öllum aldri. Gist var í Skagfjörðsskála. Þegar inn eftir

Þátttakendur í Þórsmerkurferðinni voru á ýmsum aldri.

Á þessari mynd Rögna Freyju Gísladóttur eru þau Pétur Sturla Bjarnason og Lind Freyjudóttir.



var komið var gengið um Mörkina en um kvöldið var margt til að auka ánægjuna. Skoðaðar voru myndir úr ferðum liðins árs, notið veitinga í glæsilegri grillveislu, unað við þrettándabrennu, blys og flugelda, haldin kvöldvaka til miðnættis en þá var gengið til stjórnskóðunar að hefðbundnum hætti og Karlsvagninn reyndist vera á sínum stað.

Framundan eru útmánudirnir sem bjóða jeppafólki upp á margvíslega möguleika til fjallaferða. Segir Gísli Ólafur að fólk stefni að sjálfsgöngu á fjöll og jökla á næstunni en ekki verði þó farið nema veðurútlit sé gott.



Bilalestin við Jökullónið.